

Rétthafagreiðslur RSÍ
Ljósvakasjóður og Höfundasjóður

Ársreikningur 2022

Rétthafagreiðslur
Dyngjuvegi 8
104 Reykjavík
kt. 540269-5649

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar.....	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar RSÍ vegna Réttahafagreiðslna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Réttahafagreiðslna RSÍ fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Réttahafagreiðslum RSÍ í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Réttahafagreiðslna RSÍ. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemduum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnaegjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabæ, 23. febrúar 2023

Endurskoðun og ráðgjöf ehf.

Sindri Freyr Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Réttihafagreiðslna RSÍ er úthlutun styrkja og réttihafagreiðslna.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2022

Hagnaður varð af rekstri Réttihafagreiðslna á rekstrarárinu að fjárhæð 7,8 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 53,7 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarafkomu á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á eigin fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri RSÍ vegna Réttihafagreiðslna staðfesta hér með ársreikning Réttihafagreiðslna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2023

Stjórn:

Thórgvatn Tryggvadóttir
Sóley
Ragnheiður
Sifur
Sigurbjörn Reglinbjörnustóir

Framkvæmdastjóri:

Ragnar Þ.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Greiðslur frá IHM v/réttinda.....	23.078.822	14.660.066	
Greiðsla frá IHM v/kapalkerfa.....	0	9.457.337	
Greiðslur frá Fjölkis.....	10.838.224	9.761.293	
Rekstrartekjur alls	33.917.046	33.878.696	
Rekstrargjöld	5		
Annar rekstrarkostnaður.....	6.141.990	2.864.797	
Kostnaðarþátttaka.....	16.677.910	7.223.318	
Þátttaka í rekstri vinnuhúsa.....	1.625.734	1.439.902	
Framlag í varasjóð.....	1.625.734	1.439.902	
Rekstrargjöld alls	26.071.368	12.967.919	
Hagnaður til ráðstöfunar	7.845.678	20.910.777	
Réttindagreiðslur og styrkveitingar			
Réttindagreiðslur.....	12.338.044	8.851.656	
Styrkir.....	4.041.927	4.657.436	
Réttindagreiðslur og styrkveitingar alls	16.379.971	13.509.092	

Skýringar

Réttahafagreiðslur eru í eigu og umsjá Rithöfundasambands Íslands og er heimilisfang þeirra Dyngjuvegur 8, 104 Reykjavík. Aðalstarfsemi Rithöfundasambands Íslands er starfsemi fagfélaga. Aðalstarfsemi Réttahafagreiðslna RSÍ er úthlutun styrkja og réthafagreiðslna.

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn samanstendur af tveimur sjóðum innan Rithöfundasambands Íslands, þ.e. Höfundasjóði og Ljósvakasjóði.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	Höfuðstóll	Samtals
Staða 1.1.....	16.720.985	16.720.985
Leiðrétt frá fyrri árum.....	(1.251.035)	(1.251.035)
Leiðrétt staða 1.1.....	15.469.950	15.469.950
Hagnaður árs ins	7.845.678	7.845.678
Réttindagreiðslur og styrkveitingar.....	(16.379.971)	(16.379.971)
Hækkun höfuðstóls v. uppgjörs 11. gr. tekna.....	46.762.950	46.762.950
Staða 31.12.....	53.698.607	53.698.607

Leiðréttung frá fyrri árum er vegna lögfræðikostnaðar sem féll til á árinu 2021 en var ekki sýndur sem hluti af öðrum rekstrarkostnaði í rekstri fyrra árs. Samanburðartölur hafa verið leiðréttar m.t.t. þessa. Annar rekstrarkostnaður 2021 hækkar þar af leiðandi um 1.251.035 kr. og höfuðstóll í lok árs 2021 lækkar um samsvarandi fjárhæð.

3. Dómsmál

Þann 25. maí 2022 féll Gerðardómur í máli aðildarfélaga Innheimtumiðstöðvar rétthafa samkvæmt 11. gr. Höfundalaga nr. 73/1972. Í kjölfarið fékk Ljósvakasjóður í sinn hlut um 46,7 m.kr. sem greiddar voru til sjóðsins á árinu. Um er að ræða hlutdeild Rithöfundasamband Íslands og Félags leikskálda og handritshöfunda í óráðstöfuðum tekjum sem fíllu til árin 2017 - 2021. Þar af leiðandi er umrædd fjárhæð ekki færð í rekstrarreikning ársins 2022 sem rekstrartekjur heldur er það mat stjórnenda félagsins að færa fjárhæðina yfir eigið fé á árinu. Þar sem niðurstöður úr málínu lágu ekki fyrir fyrr en á rekstrarárinu 2022 eru samanburðartölur ekki leiðréttar m.t.t. þessa.

Kostnaðarþátttaka sem nemur 20% af þessum óráðstöfuðu tekjum sem fíllu til árin 2017 - 2021 hjá Ljósvakasjóði er færð í rekstrarreikning fyrir árið 2022. Því nemur kostnaðarþátttaka Ljósvakasjóðs stærri hluta en 20% af heildartekjum sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	2022	2021
--------	------	------	------

Veltufjármunir

Rithöfundasamband Íslands	56.436.298	17.250.120	
Veltufjármunir alls	56.436.298	17.250.120	

Eignir samtals	56.436.298	17.250.120	
----------------	------------	------------	--

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2		
Höfuðstóll	53.698.607	15.469.950	
Eigið fé alls	53.698.607	15.469.950	

Skammtímaskuldir

Ógreiddur fjármagnstekjkuskattur	2.737.691	1.780.170	
Skammtímaskuldir alls	2.737.691	1.780.170	

Skuldir samtals	2.737.691	1.780.170	
-----------------	-----------	-----------	--

Eigið fé og skuldir samtals	56.436.298	17.250.120	
-----------------------------	------------	------------	--